



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Skipulags- og samgönguráð

**Sendandi:** Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

---

**Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins úr borgarráði - Útboð Reykjavíkurborgar og kæra vegna útboðs Reykjavíkurborgar á stýribúnaði umferðarljósa og framkvæmd ljósastýringar frá 1979 (US200217).**

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 1. júlí sl., var eftirfarandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins úr borgarráði frá 7. maí sl., vísað til umsagnar skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar:

*Framhaldsfyrirspurn um útboð Reykjavíkurborgar um stýribúnað umferðarljósa og framkvæmd ljósastýringar frá 1979.*

- 1. Hver er niðurstaðan í kærumálunum í útboði nr. 14356 sem auðkennt er rammisamningur um stýribúnað umferðarljósa?*
- 2. Hvaða fyrirtæki hefur þjónustað Reykjavíkurborg í ljósastýringu/tæknibúnað frá árinu 1979?*
- 3. Geta borgarfulltrúar fengið að sjá og fengið kynningu á miðlægri stýritölvu (MSU) sem staðsett er í Borgartúni?*
- 4. Óskað er efir að fá kerfislýsingu á ljósaprógramminu sem starfsfólk RVK og ráðgjafar hafa hannað sjá IV. kafla greinargerðarinnar.*
- 5. Hvaða greiningar er hægt að fá varðandi umferð og notkun umferðarljósa undanfarin ár skv. v. kafla b. í greinargerð.*
- 6. Er hægt að sjá umferðarflæði á öllum ásum ljósanna sem tengd eru við kerfið undanfarin ár.*
- 7. Á gönguljósum í miðbænum hafa verið teknir upp Austur-Þýskir karlar. Hvað kostaði að breyta þessum gönguljósum í þessa veru?*
- 8. Hver tók ákvörðun um að breyta ljósunum?*
- 9. Standast þessar breytingar ný umferðarlög?*

**Kæru vegna útboðs nr. 14356 - Rammisamnings um stýribúnað umferðarljósa**

Tvær kæru bárust kærufnd útboðsmála vegna útboðsins, annars vegar kæra Reykjafells ehf. dags. 27. nóvember 2019 og hins vegar kæra Smith & Norland hf. dags. 27. desember 2019.



Máli vegna kæru Smith & Norland hf. var lokið með úrskurði nefndarinnar í máli nr. 34/2019, dags. 8. apríl 2020. Úrskurðarorð var svohljóðandi:

*Kröfu varnaraðila, Reykjavíkurbogar, um að kröfum kæranda, Smith & Norland hf., verði vísað frá kærunefnd útboðsmála, er hafnað.*

*Varnaraðili er skaðabótaskyldur gagnvart kæranda vegna útboðs nr. 14356 auðkennt „Rammamningur um stýribúnað umferðarljósa“.*

*Öðrum kröfum kæranda er hafnað.*

*Varnaraðili greiði kæranda 750.000 krónur í málskostnað.*

Máli vegna kæru Reykjafells hf. er enn ólokið. Kærunefnd útboðsmála hefur tekið tvær ákvarðanir í máli nr. 32/2019. Ákvörðunarorð voru svohljóðandi:

#### **Ákvörðun 12. desember 2019**

*Kröfu kæranda, Reykjafells ehf., um að útboð varnaraðila, Reykjavíkurbogar, nr. 14356 auðkennt „Rammamningur um stýribúnað umferðarljósa“, verði stöðvað um stundarsakir, er hafnað.*

#### **Ákvörðun 23. júní 2020**

*Kæranda, Reykjafelli ehf. er veittur aðgangur að eftirfarandi gögnum:*

*1. Hluta tilboðs Siemens – Smith & Norland hf., ásamt hluta útboðsgagna, dags. 15. nóvember 2005. – Aðgangur er veittur að skjalinu í heild sinni.*

*3. Tölvupósti Smith & Norland hf., leiðrétt svar, dags. 30. júlí 2018. – Aðgangur veittur að skjalinu án upplýsinga um verð í töflu á bls. 2.*

*4. Tilboði I. – Aðgangur veittur að skjalinu án upplýsinga í kafla 3 og 4, sem og upplýsinga um verð í töflu á bls. 4, þó þannig að heildarverð skal ekki afmáð. Auk þess skulu upplýsingar undir liðnum „Further conditions“ afmáðar.*

*5. Tilboði II. – Aðgangur veittur að skjalinu án upplýsinga um verð í töflu á bls. 1, þó þannig að heildarverð skal ekki afmáð. Auk þess skulu upplýsingar undir liðnum „Further conditions“ afmáðar.*

*6. Samningi nr. 02-2019 – Motion búnaður, dags. 9. júlí 2019. – Aðgangur veittur að skjalinu án upplýsinga um magn og verð á bls. 1, þó þannig að heildarverð á bls. 2 skal ekki afmáð.*

*7. Samningi nr. 03-2019 – MSU uppfærsla, dags. 9. júlí 2019. – Aðgangur veittur að skjalinu án upplýsinga um verð á bls. 1, þó þannig að heildarverð á bls. 2 skal ekki afmáð.*

*8. Tölvupósti um pöntun samkvæmt samningum, dags. 4. júlí 2019. – Aðgangur veittur að skjalinu án upplýsinga um verð.*

*10. Staðfestingu á afhendingu, ódags. en frá 27. nóvember 2008. – Aðgangur veittur að skjalinu án upplýsinga um fjölda undir „Description of works“.*

Ekki er gert ráð fyrir að úrskurður verði kveðinn upp í máli Reykjafells ehf. fyrr en í haust.



### Ljósastýring í Reykjavík

Eftirfarandi fyrirtæki hafa frá 1979 með einum eða öðrum hætti þjónustað Reykjavíkurborg í tengslum við ljósastýringu og tækjabúnað umferðarljósá. Auk þeirra sem hér eru taldir, hafa ýmsir ráðgjafar komið að hönnun umferðarljósá og stýringa. Ekki er hægt að ábyrgjast að listinn sé tæmandi:

Advania Ísland ehf.

B.M. Vallá ehf.

Bergþór ehf.

Bjössi ehf.

Ferro Zink hf.

G. M. Verk ehf.

Gagnaveita Reykjavíkur ehf.

Garðyrkjuþjónustan ehf.

Guðmundur Arason ehf.

Íhlutir ehf.

Johan Rönning ehf.

Kurl ehf.

Lóðaðþjónustan ehf.

Míla ehf.

Opin kerfi hf.

Reykjafell ehf.

Sandblástur og málmhúðun hf.

Set ehf.

Smiðjustál ehf.

Smith & Norland hf.

Spennubreytar ehf.

Spíssar ehf.

Stansverk ehf.

Steingarður ehf.

Í ljósi beiðni um að fá afhenta kerfislýsingu af ljósaprógrammi er rétt að taka fram að ekki er um eitt stórt ljósaprógramm fyrir borgina að ræða, heldur eru prógrömm útbúin fyrir hver gatnamót eða nokkur aðliggjandi gatnamót, sem síðan vinna saman í gegnum miðlæga stýritölvu umferðar.

Við hönnun ljósaprógramms er útfærsla gatnamóta skoðuð, þ.á m. staðsetning staura, stöðvunarlína og hnappboxa, gerðar breytingar á framangreindu ef þörf krefur og öryggistími og græntímaþörf fyrir akstursstefnur endurskoðuð. Afrakstur vinnunnar er heildstætt ljósaprógramm fyrir gatnamótin. Til glöggvunar er meðfylgjandi ljósaprógramm sem útbúið var síðasta sumar fyrir gatnamót Bústaðavegar og Kringlumýrarbrautar.

Einfaldaðar útgáfur ljósaprógramma fyrir hver gatnamót eru aðgengilegar í Borgarvefsjá, með því að velja þekjuna „Umferðarljós o.fl.“ úr valglugga, smella á hnappinn „Meira“ í stikunni fyrir ofan kortið, smella svo á þau umferðarljós sem óskað er frekari upplýsinga um og velja „Opna vefsíðu“.

Eftirfarandi greiningar má m.a. keyra úr miðlægru stýritölvu umferðar:

#### Tölfræði (e. statistics)

##### Fundamental diagram

Speed over occupancy

Speed over traffic volume

Traffic volume over speed

##### Individual analysis

Daily analysis

Daily analysis (average)

Daily analysis (per interval)

Daily analysis (sum)

##### Parking

Average parking occupancy

Average parking occupancy (table)

Occupancy comparison

Parking house data

Parking occupancy single

Parking overview



Quality	Traffic data long term	Traffic data short term
State evaluation	Average daily traffic	Day comparison
State evaluation detail	Comparison daily values	Traffic data per interval
	Weekly reports: Speed, volume cars/lorries, comparison	Traffic volume
	Monthly reports: Speed, volume cars/lorries, comparison	Vehicle classes
	Yearly reports: Speed, volume cars/lorries, comparison	Speed
Mælingar (e. measurement export)		
Road section	Prediction link	Traffic area
Traffic situation, travel time	Traffic situation	Traffic situation
Road	Parking district	Parking facility
Traffic situation	Occupancy	Occupancy
Sign	Detector measurement point	Measurement value journal
Nominal	Traffic data original	Signal duration
Actual	Traffic data processed	Greentime variance
	Traffic data smoothed	AP values
	Traffic data prognosis	TSS status
	Traffic data tendency	Signaling
	Volume	Greentimes
		AML/R09
		Detector raw values
Down time	Operation message	
Detectors	System events	
Camera	Signal program changes	
TSS		

Hægt er að sjá umferðarflæði á helstu ásum þeirra ljósa sem tengd eru við kerfið og borgarfulltrúum er velkomið að skoða miðlæga stýritölvu umferðarljósa sem staðsett er í Borgartúninu. Skrifstofan er jafnframt reiðubúin til að halda kynningu á kerfinu við sama tækifæri og svara frekari spurningum borgarfulltrúa.

### Gönguljós í miðborg Reykjavíkur

Á haustmánuðum 2019 var við endurnýjun á ljóskerum, nokkrum gönguljósum í miðborg Reykjavíkur skipt út og í stað hefðbundinna ljósmerkja voru sett upp merki að austur þýskri fyrirmynd. Ákvörðun um breytinguna var tekin af skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar og nam kostnaður við hver gatnamót um 64.000 kr. án virðisaukaskatts.

Ný umferðarlög sem tóku gildi 1. janúar sl., hafa ekki áhrif á útlit umferðarljósa fyrir gangandi vegfarendur. Um ljósin er fjallað í 35. gr. reglugerðar um umferðarmerki og notkun þeirra nr. 289/1995, með síðari breytingum. Um merkið *P41 Umferðarljós fyrir gangandi vegfarendur* segir m.a.: „Ljósmerkið skal vera með rauðu ljósopi sem sýnir mann í kyrrstöðu og grænu ljósopi sem sýnir mann á göngu.“ Þá kemur í 4. mgr. 21. gr. reglugerðarinnar fram sú almenna regla, að umferðarmerki haldi gildi sínu þrátt fyrir minni háttar frávik frá reglunum. Með vísan til þessa telur skrifstofan að merkin samræmist gildandi umferðarlögum.



Þorsteinn R. Hermannsson  
samgöngustjóri

Hjálagt:

1. Ljósaprógramm, Bústaðavegur-Kringlumýrarbraut / 1578-1623, dags. 17. júlí 2019.